

Minnisblað Flataskóli – staða heildarúttektar á húsnæði og yfirlit um ástandsskýrslur og endurbætur undanfarin ár

Minnisblað þetta er lagt fyrir bæjarráð til að gera grein fyrir stöðu heildarúttektar á húsnæði Flataskóla, sem nú stendur yfir, og aðgerða sem henni tengjast. Þá er einnig gefið yfirlit um þær ástandsskýrslur sem unnar hafa verið vegna húsnæðisins á undanförunum árum og þær endurbætur sem ráðist hefur verið í.

Staða heildarúttektar Mannvits og aðgerðir.

Í kjölfar niðurstaðna sýnatöku sem framkvæmd var í október var verkfræðistofunni Mannvit falið að gera heildarúttekt á húsnæði Flataskóla. Er það liður í því að gæta að öryggi og heilsu starfsfólks og nemenda. Úttektin hófst 22. desember sl. en Mannvit hefur fylgt málefnum skólans eftir síðan árið 2021.

Þegar hafa verið tekin DNA-ryksýni og efnissýni á ýmsum stöðum úr húsnæði skólans og send til greiningar. Í sl. viku var DNA-sýnatökum lokið í Flataskóla á þeim svæðum sem ekki náðist að klára í desember vegna skorts á sýnatökupinum. Sýnataka nær til nánast allra rýma innan skólans. Á grundvelli hennar verður hægt að ráðast í endurbætur á húsnæðinu þar sem þörf er á. Búast má við að niðurstöður liggi fyrir um það bil 4-5 vikum eftir sýnatöku.

Garðabær vinnur samkvæmt [ákveðnu verklagi](#) en Mannvit heldur utan um greiningar og aðgerðaráætlun fyrir skólann. Samkvæmt því er mál Flataskóla stadd í öðru þrepi verklagsins og búist er við að hægt verði að virkja aðgerðaráætlun um framkvæmdir á afmörkuðum svæðum þar sem vitað er um skemmdir sem fyrst.

Samkvæmt verklagi bæjarins hefur verið gripið til eftirfarandi úrræða:

- Rými frístundaheimilisins Krakkakots í Flataskóla hefur verið lokað og starfsemi Krakkakots færð innan skólans.
- Tveimur kennslustofum hjá 4. og 6. árgöngum skólans hefur verið lokað og nemendur færðir í önnur rými.
- Tveimur kennslustofum sem Tónlistarskóli Garðabæjar hefur haft til afnota hefur verið lokað og kennsla færð innan skólans.
- Öll rými húsnæðisins hafa verið ítarlega skoðuð til að meta hvort rakavandamál séu til staðar og sýni tekin þar sem þörf er talin á út frá niðurstöðum rakamælinga og ábendinga. Einnig hefur verið farið í nánari skoðun og sýnatöku þar sem vísbendingar um gró greindist í ryksýnum og efnissýni tekin þar sem áður hafði greinst örveruvöxtur til meta umfang mengunar.
- Ítarleg hreinsun hefur verið framkvæmd á innanstokksmunum og búnaði sem var staðsettur í menguðum rýmum. Lagt var áhersla á að byrja að hreinsa alla innanstokksmuni og búnað sem skólinn þurfti að nota til að halda áfram kennslu. Hreinsunin var framkvæmd af reynslumiklum fagaðilum.

Næstu skref samkvæmt verklaginu:

- Beðið er eftir endanlegum niðurstöðum sýnatöku og þá verður hægt að leggja heildarmat á ástand skólans og í kjölfarið ráðast í endurbætur þar sem þörf er á. Ef til þess kemur verður afmörkuðum svæðum lokað með loftþéttri lokun á meðan viðgerðir standa yfir.
- Víðtækar hreingerningar verða framkvæmdar strax eftir lagfæringar ásamt hreinsun loftræstikerfis.
- Að lokum mun Mannvit sjá um eftirfylgni sýnataka fer aftur fram eftir 2-3 mánuði eftir að viðgerðum er lokið.

Upplýsingar eru gefnar með reglubundnum hætti til starfsfólks og foreldra í gegnum tölvupóst og á vefsíðu Garðabæjar.

Yfirlit um ástandsskýrslur og endurbætur á húsnæði Flataskóla.

Skýrslur sem unnar hafa verið af utanaðkomandi aðilum vegna Flataskóla.

Efla.

- 03.07.2019 – Flataskóli – Vífilsstaðavegi, Innivist og loftgæði.

Mannvit.

- 28.10.2020 – Flataskóli – loftgæðamælingar og sýnatökur.
- 17.08.2021 – Flataskóli – Minnisblað um hreinsun að loknum viðgerðum.
- 23.08.2021 – Flataskóli – Minnisblað um þrif 23.08.21.
- 02.11.2021 – Flataskóli – Minnisblað um sýnatöku 08.10.21.
- 14.01.2022 – Flataskóli – Minnisblað um sýnatöku 02.12.2022.
- 20.01.2022 – Flataskóli – Minnisblað um skoðun 18.01.2022.
- 16.05.2022 – Flataskóli – Minnisblað um eftirfylgni 13.04.2022.
- 24.10.2022 – Flataskóli; viðgerðaráætlun 2. hæð veggur.
- 29.11.2022 – Flataskóli – greinagerð um sýnatöku 06.10.2022.

Náttúrufræðistofnun Íslands

- Greinagerð til Mannvits hf. – sýni bærust 13.10.2021.
- Greinagerð til Mannvits hf. – sýni bærust 25. 04.2022.
- Greinagerð til Mannvits hf. – sýni bærust 11.10.2022.

Endurbætur og viðhald á húsnæði Flataskóla

Auk þeirra úttekta sem raktar eru að framan hafa ástandsskoðanir reglulega verið gerðar í Flataskóla til að meta viðhaldsþörf og áhersluatriði hverju sinni.

Undanfarin ár hefur meðal annar verið farið í eftirfarandi viðgerðir, en listinn er ekki tæmandi:

- Búið er að endurnýja þak á suðurálmum (2021), austurálmum (2019) og hluta af norðurálmum/miðálmum (2022).
- Drenkerfið í kringum húsið var yfirfarið og lagað sumarið 2019 og 2020 samhliða lóðaframkvæmdum.
- Búið er að skipta um 80 glugga víðsvegar í húsnæði skólans. Alls er búið er að kaupa og eða panta til viðbótar um 173 glugga sem vera settir í árinu.
- Timburgólfið í gömlu smíðastofunni var fjarlægt að hluta með lagfæringu á dreni sumarið 2019, en þá var sett ný lögn þvert í gegnum smíðastofuna til að koma ofanvatni sem lá við bygginguna að austanverðu frá. Gólfið brotið upp að hluta, flotað yfir og málað. Lokið var við að fjarlægja það sem eftir var af timburgólfinu á árinu 2022.
- Tvær stofur í austurálmum (M209 og M211) teknar í gegn 2022.
- Skipt um öll loftakerfi og lýsingu í stóra matsalnum árið 2021.
- Neysluvatnslögnum í norðurálmum skipt út 2019.
- Loftplötum hefur verið skipt út þar sem gert hefur verið við rakavarnarlag í loftinu.
- Samskeyti á hringbyggingu í V-álmum voru löguð 2019.
- Baðherbergi í norðurálmum við enda smíðastofu á 1. og 2. hæð voru endurnýjuð 2018 og 2019.
- Gólf var brotið upp í heimilisfræðistofu og frárennslislagnir endurnýjaðar undir hluta gólfsins. Einnig var skipt um stofnlagnir í stofunni.
- Myndmenntastofur á 1. hæð voru teknar í gegn árið 2016, skipt um innréttingar og glugga.